

SJÓVÁ

Sími: 436 1617 & 893 5445
Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

JÖKULL

892. tbl - 19. árg.

12. september 2019



Vel látið af tjaldstæðum

Umsjónarmenn tjaldstæðanna í Ólafsvík og Hellissandi þau Rebekka Unnarsdóttir og Patryik Roloff láta mjög vel af sumrinu. Aðsókn á tjaldstæðin var þó örlítið minni í sumar en árið áður en mun fleiri Íslendingar voru á ferðinni enda veðrið verið dásamlegt á Snæfellsnesinu í sumar. Tjaldstæðin opnuðu 1. maí og verða opin út september. Tímabilið maí til ágústloka komu 14.636 gestir á tjaldstæðin sem er ansi góður fjöldi. Í maí voru gestirnir 1212, í júní 3363 í júlí 5856 og í ágúst 4205. Eins og sjá má af tölunum voru flestir gestir í júlí og fjölgun í þeim mánuði frá í fyrra, munar þar eins og áður segir mest um Íslendingana. Allir gestir tjaldstæðanna voru mjög ánægðir með hversu aðstaðan væri góð og umhverfið fallett að sögn



Rebekku og greinilegt að allar þær endurbætur á tjaldstæðinu í Ólafsvík og nýja tjaldstæðið á Hellissandi mælast vel fyrir.

þa



Hús til sölu

Grundarbraut 26, Ólafsvík. 119,4 fm. steinsteypt einbýlishús byggt árið 1958. Húsið er í góðu ástandi. Verð kr. 28.000.000,-. Sjá má nánari lýsingu og myndir af húsinu á heimasíðu fasteignasölnunar www.fasteignsnae.is.

Fasteignasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson lögmaður og löggiltur fasteignasali
Borgarbraut 2, Stykkishólmi sími 438-1199.



Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífl. S-436677

Betra fyrir bílinn

3. flokkur kvenna í undanúrslit



Stelpurnar í 3. flokki kvenna UMF Víkings/Reynis gerðu góða ferð norður á Akureyri á mánudag þar sem mikilvægur leikur beið þeirra gegn sameinuðu liði Fjarðarbyggðar/Hattar/Leiknis í úrslitakeppni Íslandsmótsins.

Stelpurnar gerðu sér lítið fyrir og unnu leikinn 2 – 1. Nú bíður

þeirra undanúrslitaleikur gegn Breiðablik sem leikinn verður á höfuðborgarsvæðinu þann 1. október nk.

Stelpurnar hafa spilað listavel í sumar og nú stendur einungis einn leikur á milli þeirra og úrslitaleiks um Íslandsmeistararitilinn.

Sumarlestur verðlaunaður

Grunnskóli Snæfellsbæjar, í samstarfi við Bókasafn Snæfellsbæjar, stóð fyrir sumarlestri 2019. Þetta er þriðja sinn sem staðið er fyrir slíku verkefni. Markmið með sumarlestri er að hvetja börn til lesturs, njóta góðra bóka og síðast en ekki síst til að auka færni í lestri milli skólaára. Aukning hefur orðið á þátttöku í sumarlestrinum á milli ára, að þessu sinni tóku 45 börn þátt en 30 börn skiluðu inn árið á undan. Nokkur vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu síðustu ár um lestur sem er frábært, en betur má ef duga skal.

Nýr lestrarþési sem börnin fengu heim með sér í vor á

eflaust sinn þátt í þessari fjölgun. Þær Margrét Gróa Helgadóttir, Hugrún Elísdóttir og Vilborg Lilja Stefánsdóttir áttu veg og vanda að þessum nýja og metnaðarfulla lestrarþési.

Vegleg verðlaun voru í boði eins og áður en dregið var úr lestrarþésunum í tveimur flokkum. Í 1. til 4. bekk var Freyja Naómi Emilsdóttir nemandi í 3. bekk dregin út, í 5. til 9. bekk var það Patrycja Stepinska nemandi í 9. bekk sem var dregin út. Á myndinni eru þær Patrycja og Freyja Naómi með Hilmari Má Arasyni skólalastjóra.

þa



LÝÐHEILSUGANGA Í SNÆFELLSBÆ

Miðvikudagur 18. september

Seljadalur

Fararstjóri: Árni Guðjón Aðalsteinsson

Lagt af stað frá íþróttahúsinu á Hellissandi kl 17:35 og frá íþróttahúsinu í Ólafsvík kl. 17:45 Um að gera að safnast saman í bíla

Mætum klædd eftir veðri.



SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 1.100

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Gangstéttir endurnýjaðar



Endurbætur á gangstéttum standa nú yfir í Ólafsvík og í þessari atrenu á að steypa 1100 metra af gangstéttum. Steypa á gangstétt við Sandholt frá Grundarbraut að Klifbraut og við gatnamót Sandholts og Skálholts og Sandholts og Þverholts. Einnig á að steypa við

hluta Hjarðartúns og í Bæjartúni og Kirkjutúni. Undanfarna daga hefur verið í gangi vinna við að undirbúa jarðveginn fyrir steypuna ásamt því að slá upp og er búið að slá upp við Hjarðartún og jarðvegsundirbúningur í gangi á Bæjartúni og Kirkjutúni.

þa

Aflabrögð

Nýtt fiskveiðiár hófst 1. september og flestir bátar komnir á fullt, margir þeirra fara vestur eins og kallað er á haustin og landa þá ekki í heimahöfn. Alls komu þó á land 331 tonn í höfnum Snæfellsbæjar dagana 2. til 8. september, en ekki voru neinar landanir á Arnarstapa þessa daga. Í Rífshöfn var landað 176 tonnum í 32 löndunum og í Ólafsvíkurhöfn 155 tonnum í 28 löndunum.

Hjá handfærabátunum landaði Glaður SH 4 tonnum í 2, Jóa II SH

3 tonnum í 4, Bessa SH 2 tonnum í 3 og Bryndís SH 1 tonni í 1 löndun.

Hjá dragnótábátunum landaði Ólafur Bjarnason SH 26 tonnum í 5, Esjar SH 24 tonnum í 3, Magnús SH 23 tonnum í 4, Egill SH 21 tonni í 3, Guðmundur Jenson SH 20 tonnum í 5, Steinunn SH 13 tonnum í 1, Sveinbjörn Jakobsson SH 12 tonnum í 2, Rífsari SH 7 tonnum í 2 og Matthías SH 6 tonnum í 2 löndun.

Hjá litlu línubátunum landaði Stakkhamar SH 29 tonnum í 4,

Lilja SH 23 tonnum í 5, Tryggvi Eðvarðs SH 15 tonnum í 3, Rán SH 9 tonnum í 3, Brynja SH 9 tonnum í 4, Sverrir SH 8 tonnum í 4 og Þerna SH 6 tonnum í 3 löndunum.

Tveir af stóru línubátunum lönduðu í Snæfellsbæ þessa daga Örvar SH 44 tonnum í 1 og Hamar SH 10 tonnum í 1 löndun.

Í Grundarfirði var dagana 2. til 8. september landað 227 tonnum í 12 löndunum.

Hjá botnvörpubátunum landaði

Hringur SH 68 tonnum í 1, Helgi SH 40 tonnum í 1 og Farsæll SH 37 tonnum í 1 löndun.

Hjá bátunum á grálúðunetum landaði Kap II VE 34 tonnum í 1 og Anna EA 25 tonnum í 1 löndun.

Tveir handfærabátar lönduðu, Birtir SH 5 tonnum í 3 og Birta SH 4 tonnum í 3 löndun.

Sæfari ÁR landaði 14 tonnum í 1 löndun af sæbjúgum.

þa



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Víkingur – Magni

Á sunnudaginn kom lið Magna frá Grenivík í heimsókn. Magni er lið, sem við höfum átt í erfðleikum með á knattspyrnusviðinu. Þetta var fjórði leikurinn, þar sem liðin hafa mæst í Inkasso deildinni og Magni hefur unnið tvo, eitt jafntefli og við aðeins unnið einn. Þar að auki er alltaf erfitt að mæta liði, sem er að berjast við fall um deild eins og lið Magna hefur verið að gera.

Þá eru allar afsakanir búnar og kem ég nú að leiknum sjálfum, en það er skemmst frá því að segja, að strákarnir okkar sóttu og sóttu að marki Magna, en mörkin létu á sér standa. Boltinn skall í stöng og þverslá, en ekki inn í markið. Heppnin var í liði með þeim og t.d. í seinna marki þeirra, sigurmarki leiksins var talið vafaatriði hvort boltinn hafði farið allur yfir línuna og inn í markið, en dómariinn dæmdi mark og það gildir. Leikurinn

endaði með sigri Magna 1-2. Eins og fyrr hefur verið fjallað um í þessum pistlum hefur strákunum okkar gengið illa að setja boltann í netið í sumar og er aðeins eitt lið í deildinni, sem er með færri mörk skorud. Á móti kemur að ekkert lið í deildinni hefur fengið á sig færri mörk en við og samkvæmt því erum við með bestu vörninna.

Núna eru tveir leikir eftir af mótinu, erfiður leikur við Aftureldingu á laugardaginn kl. 14.00 í Mosfellsbæ og síðasti leikur sumarsins er svo við lið Njarðvíkur laugardaginn 21. kl. 14.00 hér heima. Þetta eru hvoru tveggja leikir við lið, sem eru að berjast við falldrauginn. Afturelding gæti bjargað sér frá falli með stigi eða stigum á móti okkur.

Rétt er að áréttá að undirritaður sá ekki leikinn á sunnudaginn og ber umfjöllunin því þess merki.

óhs



Grundarfjarðarbær



Útboð

Grundarfjörður – Lenging Norðurgarðs, stálþilsrekstur 2019

Grundarfjarðarhöfn mun í lok vikunnar auglýsa eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir þess eru:

- Gerð á 90 m löngum bermugarði.
- Rekstur 122 stálþilsplatna, akkerisplötur steiptar, uppsetning staga og festinga.
- Jarðvinna aftan við stálþil.
- Steiptir kantbitar með pollum, uppsetning á stigum og fríholtum.

Nánari upplýsingar um verkið, s.s. um verktíma og tilboðsfrest, verða gefnar í auglýsingu sem birtast mun síðar í þessari viku á útboðsvef hins opinbera, á vefsíðu Vegagerðarinnar – vegagerdin.is og á vefsíðu Grundarfjarðarbæjar – grundarfjordur.is

Hafnarstjóri Grundarfjarðarhafnar

Starf umsjónarmanns fasteigna hjá Snæfellsbæ er laust til umsóknar.

Hlutverk og ábyrgðarsvið:

Umsjónarmaður fasteigna er starfsmaður tæknideildar Snæfellsbæjar og er tæknifræðingur hans næsti yfirmaður.

Umsjónarmaður fasteigna hefur umsjón með fasteignum Snæfellsbæjar. Hann tekur út ástand þeirra og gerir viðhalds- og viðgerðar-áætlun í samvinnu við tæknifræðing.

Umsjónarmaður sinnir sjálfur viðhaldi og lagfæringum en kallar til iðnaðarmenn í samráði við tæknifræðing þegar tilefni er til þess.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Æskilegt er að umsjónarmaður fasteigna hafi einhverja iðnmennt, en það er þó ekki skilyrði. Reynsla af sambærilegum verkefnum og reynsla af mati á ástandi og viðhaldspörf fasteigna er kostur.

Umsjónarmaður fasteigna skal búa yfir framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfileika og færni til að eiga samskipti við þá starfsmenn, iðnaðarmenn og íbúa Snæfellsbæjar sem hann þarf að hafa samskipti við dagsdaglega.

Frumkvæði og metnaður er kostur.

Um er að ræða fullt starf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsmannafélags Dala- og Snæ.

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf eigi síðar en 1. október – fyrr er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 17. september nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn til Davíðs Viðarssonar, tæknifræðings, á netfangið david@snb.is, eða til Kristins Jónassonar, bæjarstjóra, á netfangið kristinn@snb.is. Umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi gerir sérstaklega grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni til starfsins út frá ofangreindum hæfniskröfum. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina a.m.k. 2 umsagnaraðila í umsókn sinni.



Öllum umsóknum verður svarað

Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

ÖLLUM ER VELKOMIÐ
AÐ TAKA ÞÁTT.

JÓLA - ÞORP

verslun&matur | lífandi tónlist | jólaglögg

30.nóvember 2019
Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Áhugasamir sendi póst á
menningarnefnd@snb.is

Menningarnefnd Snæfellsbæjar



*Félag eldri borgara
í Snæfellsbæ*

Nesball 2019

Hið árlega Nesball eldri borgara á Snæfellsnesi verður haldið laugardaginn 28. september 2019 í Klifi Snæfellsbæ

Allir 60 ára og eldri velkomnir.

Húsið opnar kl 19:00 með fordrykk og borðhald hefst kl 20:00
Miðaverð 5.500 kr - Enginn posi í miðasölu

Þátttöku þarf að tilkynna undirrituðum fyrir 19. sept.:

Ólafsvík:

Jón Guðmundsson s. 863-4959

Grundarfjörður:

Elsa Árnasóttir s. 897-7047 / 438-6644

Rósa Árnadóttir s. 894-5854 / 4386659

Stykkishólmur:

Dagbjört Höskuldsdóttir s. 848-5315

